KÓPAVOGSBÆR
Bæjarlögmaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1356
komudagur 17.3.2006

Kópavogi, 16. mars 2006.

Alþingi
b.t. allsherjarnefndar,
Kirkjustræti,
101 Reykjavík.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 9. mars s.l. voru lagðar fram umsagnir bæjarlögmanns og félagsmálastjóra um frumvarp til breytinga á lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum um farmkvæmdavald ríkisins í héraði, nr. 92/1989. Bæjarráð fól bæjarlögmanni og félagsmálastjóra að senda sameiginlegt erindi til allsherjarnefndar alþingis vegna málsins. Hjálagt fylgja umsagnir þessar. Í umsögn bæjarlögmanns kemur fram að hann telur að þær breytingar á lögreglulögum nr. 90/1996 skv. frumvarpinu þjóni vel almennum löggæslusjónarmiðum og samhæfing varðandi rannsóknir brotamála sé mikilsverð og fækkun lögregluumdæma á höfuðborgarsvæðinu því jákvæð.

Í umsögn félagsmálastjóra kemur fram að mikilsvert sé að tryggt sé að áfram verði náið samstarf með starfseiningum sveitarfélagsins að öðrum kosti séu breytingar þær sem felist í 2. lið 6. gr. frumvarpsins varhugaverðar.

Virðingarfyllst,

Þórður Clausen Þórðarson
bæjarlögmaður.

Fannborg 2
200 Kópavogur
sími 570 1500
bréfsími 570 1501

KÓPAVOGSBÆR
Bæjarlögmaður

Umsögn til bæjarráðs vegna frumvarps til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 og lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92/1989.

Bæjarráð hefur óskað umsagnar undirritaðs og félagsmálastjóra um ofangreint lagafrumvarp í framhaldi af bréfi allsherjarnefndar Alþingis dags. 27. febrúar s.l.

Undirritaður hefur ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið og telur fækkun lögregluumdæma þjóna löggæslu- og rannsóknarhagsmunum. Hvað snýr að höfuðborgarsvæðinu verður stofnað nýtt embætti lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og samkvæmt ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um að hann skuli undirbúa stofnun lörgregluembættis á höfuðborgarsvæðinu og í því starfi skuli hann hafa samráð við sveitarfélög á svæðinu.

Miklu skiptir hvernig til tekst með þessa vinnu og mikilsvert að áfram verði náið samstarf með lögreglu og viðkomandi sveitarfélögum. Í Kópavogi hefur verið náið og gott samstarf með lögreglunni og félagsþjónustunni og mikilsvert að það samstarf haldist. Í þessu sambandi vísast til umsagnar félagsmálastjóra til bæjarráðs þetta varðandi.

Ekki eru efni til að fjalla ítarlega um frumvarp þetta, en undirritaður telur samhæfingu mikilsverða varðandi rannsóknir á skipulagðri glæpastarfsemi á ýmsum sviðum, t.d. varðandi fíkniefnamál og ýmisa aðra glæpastarfsemi. Undirritaður telur mikilsvert að almenn löggæsla sé á sömu hendi og yfirstjórn rannsókna og vísa í því sambandi til reynslu af því fyrirkomulagi sem komið var á með stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins með lögum nr. 108/1976. Skv. 3. gr. þeirra laga fór Rannsóknarlögregla ríkisins með lögregluarannsóknir brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu að því leyti sem þær voru ekki í höndum lögreglustjóra þar, samkvæmt ákvæðum laganna eða annarra réttarreglna. Þetta fyrirkomulag gafst illa að mínu viti.

8. mars 2006.

Þórður Clausen Þórðarson
bæjarlögmaður.

Fannborg 2
200 Kópavogur
sími 570 1500
bréfsími 570 1501

000.000

Kópavogsbær
Skjalasafn 9/3 '06

Félagsþjónusta Kópavogs

Bæjarráð Kópavogs
Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri

8.3.2006

Á fundi sínum þann 2. mars sl. gerði bæjarráð eftirfarandi bókun:
"Frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 27/2, óskað umsagnar um frumvarp til lögreglulaga og framkvæmdavald ríkisins í héraði, 520. mál, skipulag löggæslunnar, greiningardeildir, fyrir 10. mars nk. **Vísað til umsagnar bæjarlögmanns og félagsmálastjóra fyrir næsta fund."**

Vakin er athygli bæjarráðs á því að náið samstarf er með Lögreglunni í Kópavogi og Félagsþjónustunni og hefur svo verið lengi. Þetta samstarf varðar ekki aðeins ýmsa erfiðleika sem upp koma í einstaka fjölskyldum í bænum heldur ekki síst rannsóknir og aðgerðir í málefnum unglinga, bæði hvað varðar hópamyndanir, afbrotamál og fíkniefnamál. Samstarfið hefur verið Félagsþjónustunni ómetanlegt við framkvæmd og lausn vandamála, ekki síst á undanförnum árum, en unglingum á aldrinum tólf til átján ára í bæjarfélaginu hefur fjölgað úr 1992 árið 1996 í 2743 í lok desember sl. Við þetta má bæta að af 628 tilkynningum á sl. ári til barnaverndarnefndarnefndar voru tilkynningar frá lögreglu 363.
Sé gengið út frá því að lögreglustöð verði ekki staðsett í bænum gengur það gegn þeirri hugsun að persónuleg samskipti og samvinna lögreglu og starfseininga sveitarfélagsins stuðli að betri yfirsýn og færni til að takast á við vandamál. Þær breytingar sem umrætt frumvarp gerir ráð fyrir, sbr. 2. lið 6. gr. eru því varhugaverðar, nema tryggt sé að samstarf, sem þegar er fyrir hendi haldi áfram og fái að þróast.

Aðalsteinn Sigfússon
félagsmálastjóri

Félagsþjónusta Kópavogs • Fannborg 4 • 200 Kópavogi • Sími 570 1400 • Fax 570 1401 • www.kopavogur.is

skráningarfulltrúa hjá byggingarfulltrúaembættinu og felur starfsmannastjóra að auglýsa starfið laust til umsóknar.

h) Frá deildarstjóra framkvæmdadeildar, dags. 9/3, ósk um heimild til að bjóða út í opnu útboði gatnagerð og lagnir við Kópavogstún.
Samþykkt.

i) Frá félagsmálastjóra, dags. 20/2, umsögn um erindi Félags eldri borgara í Kópavogi frá 6/2 sl., í bæjarráði 9/2, ósk um lækkun á fasteignagjöldum og frekari fyrirgreiðslu.
Bæjarráð samþykkir umsögnina.

j) Frá félagsmálastjóra, dags. 8/3, umsögn um frumvarp til lögreglulaga og framkvæmdavald ríkisins í héraði, sem vísað var til umsagnar hans og bæjarlögmanns á síðasta fundi bæjarráðs. Í umsögninni er varað við breytingum sem felast í 2. lið 6.gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að ekki verði staðsett lögreglustöð í bænum.
Félagsmálastjóra og bæjarlögmanni falið að útbúa sameiginlegt erindi til félagsmálanefndar alþingis vegna málsins.

k) Frá félagsráðgjafa hjá Félagsþjónustu Kópavogs, dags. 27/2, umsögn varðandi beiðni frá íbúa í bænum um niðurfellingu á útsvarsskuld hjá Sýslumanni. Mælt er með að umsækjandinn fái niðurfellt útsvar frá 2002, kr. 183.000, vegna lágra tekna hans og veikinda.
Samþykkt.

l) Lagt fram afsal dags. 6/3. Núpalind ehf. afsalar til Búðakórs ehf. eigninni að Búðakór 1, sömu eigendur. **Samþykkt.**

m) Frá bæjarlögmanni, dags. 8/3, umsögn um frumvarp til lögreglulaga og framkvæmdavald ríkisins í héraði.
Félagsmálastjóra og bæjarlögmanni falið að útbúa sameiginlegt erindi til félagsmálanefndar alþingis vegna málsins.

n) Frá bæjarlögmanni, dags. 7/3, varðandi forkaupsrétt á lóðinni Hlíðasmára 6.
Bæjarráð samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt sinn.

o) Frá bæjarlögmanni, dags. 8/3, afrit af svarbréfi til félagsmálaráðuneytisins varðandi kæru Viðars Þórðarsonar á álagningu fasteignagjalda hjá Kópavogsbæ.
Samþykkt.

p) Frá fræðslustjóra, dags. 7/2, umsögn vegna óska frá sjálfstæðum leikskólum í Kópavogi um hækkun á framlagi. **Samþykkt með fyrirvara um það sem fram kom á fundinum.**

q) Frá bæjarstjóra, dags. 8/3, lagt til að systkinaafsláttur vegna þjónustugjalda gildi milli skólastiga.
Samþykkt samhljóða. Flosi Eiríksson fagnaði sérstaklega að þessi tillaga væri fram komin.